



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

74. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn í 29. kennslustofu skólans 15. desember 1982, og hófst hann kl. 17⁰⁰. Fundinn sóttu: Jón Böðvarsson, skólameistari, Gunnar Sveinsson, formaður skólanefndar, Guðlaugur Guðmundsson (Vatnsleysuströnd), Ómar Bjarnþórsson, Ingi Gunnarsson (Njarðvík), Ingimundur Guðnason, Ingólfur Halldórsson, aðstoðarskólameistari, Sturlaugur Ólafsson, fulltrúi kennara, og Valtýr Guðjónsson, ritari.

Þetta gerðist:

I. Skólameistari sagði að boðaður hafi verið fundur 1. desember, en honum hafi þurft að aflýsa vegna færðar og veðurs. Skólameistari og formaður urðu því að taka ákvarðanir varðandi skólaslitaathöfn haustannar 1982 sem fram fer í Ytri-Njarðvíkurskirkju laugardaginn 18. desember og hefst kl. 14⁰⁰.

Dagskrá verður með venjubundnum hætti. Kór skólans – undir stjórn Martial Nardeau – sem nýlega hóf æfingar mun syngja við athöfnina. – Í tengslum við þennan dagskrárlið afhenti skólameistari yfirlit um nemendafjölda á haustönn þar sem fram kemur að heildartala í dagskóla og öldungadeild á önninni er 718.

II. Fjármál.

Skólameistara tókst að fá greiddar kr. 260.000 – sem í reynd er síðari hluti aukafjárveitingar vegna stofnfjárframkvæmda sem ráðuneyti veittu sumarið 1981 og greiddi ríkissjóður þá þegar fyrri hlutann – kr. 400.000 (sjá 62. fundargerð). Fjárhagsnefnd og skólameistara tókst að fá áætlun í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1983 hækkaða úr kr. 300.000 í kr. 800.000. Hækkun þessi er ekki fullnægjandi miðað við fyrirhugaðar framkvæmdir á árinu, en um þær er æskilegt að nefndin fjalli fyrr en seinna.

III. Heimild menntamálaráðuneytis frá 24. september s.l. um ráðningu Huldu B Þorkelsdóttur í hálft bókavarðarstarf frá 1. ágúst 1982 að telja hefur enn ekki fengist staðfest af fjármálaráðuneyti. Skólinn hefur greitt henni kr. 25.000 upp í

laun. Bréf og ítrekanir um málið hefur skólameistari sent oftart en einu sinni og þá lagt áherslu á fullnaðarafgreiðslu hið allra fyrsta þar sem ekki var áætlað fé í þetta af hálfu skólans.

4. Reikningshaldari fór nokkrum orðum um fjármál skólans.

Lýsti hann ágætum skilum allra hlutaðeigandi sveitarfélaga á árinu á framlögum til skólans skv. áætlun ársins, og nokkuð vantar enn á hlut ríkissjóðs.

5. a. Wichman-vélin, sem notuð var til kennslu á vél-

stjórnstjórnarbraut hefur verið í geymslúshjás Íslenskum þi markaði undanfarið þar sem ekki reyndist unnt að koma henni fyrir á Iðavöllum 1, og hefur hún nú verið fjarlægð og afhent Rafni hf í Sandgerði. Engan geymslukostnað né flutningskostnað þurfti að greiða.

b. Ingi Rúnar Edvaldsson hefur lokið prófi úr félags- og vísindadeild Háskóla Íslands. Hann er fyrstur nemenda Fjölbautaskóla Suðurnesja til þess að ljúka háskólaprófi.

c. Sturlaugur Björnsson hefur verið skipaður kennari, að fullnægðum skilyrðum um kennsluréttindi, en stöðu Sturlaugs Ólafssonar þarf að auglýsa og hann að sækja um skipun á sömu forsendum og nafni hans.

d. Leikfélag skólans sýndi í Stapa 21. nóv sl.

"Lokaðar dyr" eftir Wolfgang Borchard, í þýðingu Sverris Thoroddsen og undir leikstjórn Hjalta Rögnvaldssonar. Er þetta mesta leikverk nemenda skólans hingað til. Sýningin þótti takast mjög vel. 2 einingar (leiklist 152) verða metnar nemendum sem léku.

e. Útdráttur úr erindi um skólaráðgjöf, flutt á fundi skólastjóra áfangakerfissskóla 1. nóv. sl. í Flensborg, var lagt fram. Fjallar það um menntun og kjör skólaráðgjafa, stöðu skólaráðgjafa innan skóla, og verkefni skólaráðgjafa. Er útdrátturinn ætlaður sem rammi að verklýsingu fyrir skólaráðgjöf.

f. Lagt var fram bréf frá Birgi Thorlacíus ráðuneytisstjóra varðandi norrænt umferðaöryggisár, og var það rætt á skólameistarafundi fyrir skömmu. Óskaði Birgir eftir tilnefningu tveggja fulltrúa framhaldsskóla í nefnd um málið.

Fyrir valinu urðu Örnólfur Thorlacíus og Ingólfur Halldórsson g. Bréf frá hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps út af 71. og 72. fundargerð Fjölbrautaskólans. Í bréfinu er tekið undir ábendingar skólanmeistara og Halldórs Guðmundssonar um aukna námskynningu, og eins bent á að skipting nemenda í skólanum milli sveitarfélaganna sé óeðlileg miðað við fólksfjölda, og efla þurfi sókn frá sumum þeirra í skólann. Hins vegar óskar nefndin eftir að hinkrað verði við að festa kaup á meiri búnaði í mötuneyti skólans meðan önnur brynni verkefni bíða fullnægjandi úrlausnar.

6. Ingimundur Guðnason vakti máls á hvernig skólar á Suðurnesjum gætu brugðist við kröfum frá Reykjavík um námsvistargjöld nemenda héðan að sunnan í Reykjavík. Formaður og skólameistari töldu að héðan mundi hafa verið gerðar gagnkröfur vegna nemenda úr Reykjavík, og þær þá sennilega látnar mætast. Um sérgreiðslur mundi ekki hafa verið að ræða.

Formaður óskaði nefndarmönnum gleðilegra komandi hátíða, og sleit síðan fundi.

Valtýr Guðjónsson
ritari